



ENOR

Enor ehf. | s. 430 1800 | www.enor.is



*Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á
Norðurlandi Eystra - SSNE
Endurskoðunarskýrsla 2020*

Efnisyfirlit

	<i>Bls.</i>
<i>Endurskoðun ársins 2020</i>	<i>3</i>
<i>Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar</i>	<i>4 - 5</i>
<i>Ársreikningur 2020 og samanburður</i>	<i>6 - 7</i>
<i>Matsliðir í reikningsskilunum</i>	<i>8</i>
<i>Lykilþættir í uppgjörinu</i>	<i>9</i>
<i>Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti</i>	<i>10</i>
<i>Önnur mikilvæg atriði</i>	<i>11</i>

Endurskoðun ársins 2020

Akureyri 19. mars 2021

Stjórn Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi Eystra (SSNE)

Við höfum lokið endurskoðun okkar á ársreikningi SSNE fyrir árið 2020. Markmið endurskoðunarinnar er að skila stjórn, aðildarsveitarfélögum SSNE og öðrum hagsmunaaðilum óháðu álit á reikningsskilum samtakanna. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Í álit okkar á ársreikning samtakanna segir: Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtakanna á árinu 2020, efnahag þeirra 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Í álit okkar kemur fram ábending þar sem vísað er til umfjöllunar í skýringum varðandi neikvæða eiginfjárstöðu samtakanna.

Að endurskoðuninni komu eftirtaldir starfsmenn Enor:

Niels Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi

Karen Björk Gunnarsdóttir, viðskiptafræðingur

Við þökkum stjórnendum og starfsfólki samtakanna alla þá aðstoð sem okkur var veitt. Ef upp vakna spurningar um endurskoðunina eða niðurstöður hennar þá hvetjum við stjórn eða stjórnendur til þess að hafa samband við okkur.

Virðingarfyllst,

Enor ehf.

Niels Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Tengiliðir hjá ENOR:

Niels Guðmundsson

Löggiltur endurskoðandi

Netfang: niels@enor.is

Sími: 430 1800

Gsm: 851 1806

Karen Björk Gunnarsdóttir

Viðskiptafræðingur

Netfang: karen@enor.is

Sími: 430 1814

Enor ehf.
Hafnarstræti 53
600 Akureyri
s. 430 1800

enor@enor.is / www.enor.is

Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar

Tilgangur endurskoðunar

Markmið endurskoðunarinnar sem unnin var í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun (ISA), er að veita óháð álit á því hvort ársreikningur samtakanna gefi glögga mynd af afkomu þeirra á árinu, efnahag í lok ársins og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreiknings

- Að leggja mat á líkur þess að ársreikningur sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum skekkju, sviksemi eða mistaka (útfrá áhættumati).
- Að framkvæma endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla til að tryggja með nægjanlegri vissu að ársreikningur sé án verulegra annmarka.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

- Að framsetning ársreiknings sé í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.
- Að við færslu á bókhaldi og samningu ársreiknings sé beitt viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.
- Að koma upp og annast innra eftirlit samtakanna, sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, varðveita eignir þeirra og tryggja að farið sé að lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar

Helstu þættir í framkvæmd endurskoðunar

Áhættumat:

- Greining og mat á hættunni á verulegri skekkju í ársreikningnum.
- Felst í upplýsingaöflun og framkvæmd áhættumatsaðgerða.
- Áhættumatið leggur grunninn að umfangi og framkvæmd endurskoðunaraðgerða.
- Sjá mat okkar á helstu áhættuþáttum í töflunni hér til hliðar.

Innra eftirlit:


- Við öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, fókussinn er á innra eftirliti sem tengist fjárhagsupplýsingum.
- Mat okkar á innra eftirliti hefur áhrif á áhættumat í þeim tilgangi að hanna viðeigandi aðgerðir.

Mikilvægismörk:

- Ákvörðun mikilvægismarka er mikilvægur hluti af ferli áhættumats og skipulagningar í endurskoðun. Í samhengi mikilvægismarka eru upplýsingar í ársreikningi taldar mikilvægar ef þær eru taldar hafa áhrif á þær efnahagslegu ákvarðanir sem lesendur taka á grundvelli upplýsinga í ársreikningi.
- Heildar mikilvægismörk í verkefninu voru skilgreind kr. 8,6 milljónir eða 2,0% af rekstrartekjum. Í samhengi við heildarmikilvægismörkin eru sett fram mörk fyrir óleiðréttar skekkjur sem voru skilgreind sem 5% af heildarmörkunum eða kr. 344 þús.
- Engir óleiðréttir mismunir eða skekkjur yfir framangreindum mörkum eru til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju.

Framsetning ársreiknings (heild):

- Að meta hvort reikningsskilaaðferðir sem eru notaðar séu viðeigandi.
- Að yfirfara hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft og byggt á eðlilegum forsendum.
- Að yfirfara reikninsskilin í heild með tilliti til framsetningar og þess hvort skýringar séu fullnægjandi og rétt fram settar.
- Það er mat okkar að félagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.



Ársreikningur 2020 og samanburður

	2020	Áætlun 2020	Frávik frá áætlun	Frávik í %	2019
Rekstrartekjur					
Framlög til reksturs SSNE	121.341.218	120.070.000	1.271.218	1,1%	55.915.847
Framlög vegna atvinnuþróunar	68.452.118	68.365.000	87.118	0,1%	0
Framlög vegna sóknaráætlunar	159.604.548	175.636.428	-16.031.880	-9,1%	181.466.287
Framlög og tekjur vegna samgöngum.	4.620.922	0	4.620.922	-	150.439.257
Tekjur vegna annarra verkefna	12.396.887	6.821.100	5.575.787	81,7%	39.213.166
	366.415.693	370.892.528	-4.476.835	-1,2%	427.034.557
Rekstrargjöld					
Laun og launatengd gjöld	140.877.634	140.309.000	568.634	0,4%	49.281.625
Breyting lífeyrisskuldb.	4.144.621	1.000.000	3.144.621	314,5%	-15.635
Aðkeypt þjónusta	14.183.181	14.665.000	-481.819	-3,3%	190.759.573
Úthlutaðir styrkir	154.797.942	163.636.428	-8.838.486	-5,4%	173.237.112
Annar rekstrarkostnaður	44.460.606	49.036.400	-4.575.794	-9,3%	9.703.233
	358.463.984	368.646.828	-10.182.844	-2,8%	422.965.908
Fjármagnsliðir	579.095	150.000	429.095	286,1%	931.698
Rekstrarniðurstaða ársins	8.530.804	2.395.700	6.135.104	256,1%	5.000.347

Rekstrartekjur

- Rekstrartekjur ársins 2020 námu kr. 366,4 millj. samanborið við kr. 427,0 millj. árið 2019 og hafa lækkað um kr. 60,6 millj.
- Rekstri samgöngumála var hætt í árslok 2019 sem hefur nokkur áhrif á samanburð tekna milli ára.
- Tekjur vegna atvinnuþróunar bætast við auk þess sem framlög til rekstursins voru aukin í kjölfar þess að atvinnuþróunarfélögin sameinast Eyþingi og til varð SSNE.
- Aðeins skörun er á flokkun framlaga vegna sóknaráætlunar og tekjum vegna annarra verkefna í bókhaldi annarsvegar og í áætlun hinsvegar sem að skýrir að hluta frávik á þessum liðum.
- Tekjur í heild eru vel í takt við áætlun ársins.

Rekstrargjöld

- Rekstrargjöld ársins 2020 námu kr. 358,5 millj. samanborið við kr. 423,0 millj. árið 2019 og hafa lækkað um kr. 64,5 millj.
- Laun og launatengd gjöld námu kr. 140,9 millj. en fjöldi ársverka á árinu 2020 var 8,6 samanborið við 2,1 hjá Eyþingi árið 2019.
- Mjög mikil aðkeypt þjónusta var vegna samgöngumála og lækkar sá liður því verulega.
- Rekstrargjöld í heild eru einnig vel í takt við áætlun ársins.

Ársreikningur 2020 og samanburður

	2020	2019	Breyting	Breyting %
Eignir				
Eignarhlutir í félögum	5.423.042	5.423.042	0	0,0%
Markaðsverðbréf	937.926	792.932	144.994	18,3%
Viðskiptakröfur	19.366.088	19.439.370	-73.282	-0,4%
Aðrar skammtímakröfur	51.564.820	61.375.992	-9.811.172	-16,0%
Handbært fé	84.993.919	39.117.813	45.876.106	117,3%
	162.285.795	126.149.149	36.136.646	28,6%
Eigið fé				
Eiginfjárreikningur	-33.968.379	-42.499.183	8.530.804	-20,1%
Skuldir				
Lífeyrisskuldbinding	29.409.809	26.359.266	3.050.543	11,6%
Ógreidd styrkloforð	95.049.722	67.018.766	28.030.956	41,8%
Fyrirfram innheimtar tekjur	12.274.660	1.891.633	10.383.027	548,9%
Viðskiptaskuldir	43.486.996	69.799.164	-26.312.168	-37,7%
Aðrar skammtímaskuldir	16.032.987	3.579.503	12.453.484	347,9%
	196.254.174	168.648.332	27.605.842	16,4%

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	SSNE	Skóla- þjónusta	Almennings- samgöngur	Eigið fé samtals
Staða í ársbyrjun	51.119.980	-29.986.285	-63.632.879	-42.499.183
Rekstrarniðurstaða ársins	8.149.353	-4.239.471	4.620.922	8.530.804
Staða í árslok	59.269.333	-34.225.756	-59.011.957	-33.968.379

Eignir

- Heildareignir í árslok námu kr. 162,3 millj. samanborið við kr. 126,1 millj. í árslok 2019. Handbært fé hækkar um kr. 45,9 millj. en á móti eru ógreidd styrkloforð að hækka um kr. 28,0 millj. og fyrirframinnheimtar tekjur um kr. 10,4 millj.
- Á meðal annarra skammtímakrafna eru kröfur á íslenska ríkið vegna sóknaráætlunar að fjárhæð kr. 47,9 millj.

Eigið fé

- Eigið fé var í árslok neikvætt um kr. 34,0 millj. samanborið við kr. 42,5 millj. neikvæða stöðu í ársbyrjun.
- Uppsafnað tap samgönguhlutans stóð í kr. 59,0 millj. og hafði lækkað um kr. 4,6 millj. milli ára vegna samkomulags við SSV um uppgjör á stöðum vegna leiðar 57.
- Uppsafnað tap Skólþjónustu hækkar um kr. 4,2 millj. milli ára vegna hækkunar lífeyrisskuldbindinga.

Skuldir

- Skuldir námu í árslok kr. 196,3 millj. samanborið við kr. 168,6 millj. í ársbyrjun.
- Ógreidd styrkloforð hækka nokkuð en ógreiddir styrkir vegna sóknaráætlunar voru kr. 72,0 millj. og kr. 23,0 millj. voru vegna atvinnumála.
- Viðskiptaskuldir lækka um kr. 26,3 millj. milli ára sem skýrist að mestu af uppgjöri skulda vegna samgönguhlutans í ársbyrjun 2020. Meðal viðskiptaskulda er þó áfram skuld við Vegagerðina að fjárhæð kr. 40,5 millj. sem stjórnendur eru að vinna í að fá niðurfellda.
- Aðrar skammtímaskuldir eru að mestu leyti ógreiddir launatengdir liðir sem hækka vegna aukins umfangs.

Matsliðir í reikningsskilunum

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Mat viðskiptakrafna var yfirfarið og innheimta í upphafi árs 2021 skoðuð. Stærstu kröfurnar í árslok eru kröfur á ríkissjóð vegna ógreiddra framlaga til sóknaráætlunar, krafna á Vegagerðina vegna Vaðlaheiðarganga og kröfur á aðildarsveitarfélögin vegna ógreiddra framlaga í árslok. Aðrar kröfur í árslok 2020 eru ekki verulegar.

Við teljum ekki sérstaka tapsáhættu til staðar vegna viðskiptakrafna eða annarra krafna hjá samtökunum í árslok 2020.

Lífeyrisskuldbindingar

Hækkun lífeyrisskuldbindinga samtakanna nam kr. 3,1 millj. á árinu 2020 samanborið við kr. 921 þús. í lækku á árinu 2019. Lífeyrisskuldbindingin er eini liðurinn sem fellur undir Skólaþjónustu Eyþings. Samkvæmt gögnum frá tryggingastærðfræðingi hefur hlutfall sambandsins af reiknuðum skuldbindingum verið áætlað 50% en útreikningar benda til þess að hlutfallið sé nokkuð hærra eða 58,6%. Skoða þarf hvort ástæða sé til þess að breyta hlutfallinu ef útreikningar tryggingastærðfræðings halda áfram að sýna hærra hlutfall. Lífeyrisskuldbindingin væri kr. 5,1 millj. hærri í árslok 2020 ef hærra hlutfallið væri notað.

Lífeyrisskuldbindingin er reiknuð og staðfest af tryggingastærðfræðingi. Byggt er á tryggingafræðilegum forsendum og eru helstu forsendurnar; 2% vextir, lífslíkur samkvæmt reynslu LSR á árunum 2014 til 2018 á Íslandi og örorkulíkum skv. reynslu LSR 2010 - 2014. Engar sérstakar breytingar eru á forsendum í matinu milli ára en vísitalan sem byggt er á hækkaði um 9,2% milli ára sem að skýrir þá hækkun sem varð á skuldbindingunni.

Eignarhlutir í félögum

Bókfært verð eignarhluta í félögum stendur í stað milli ára. Eignarhlutur í Greiðri leið ehf. er færður á kostnaðarverði sem er jafnt nafnverði eignarhlutarins eða kr. 5,4 millj.

Samtökunum voru afhentir eignarhlutir í tveimur félögum, Þekkingarvörður ehf. og Dysnes Próunarfélag ehf., frá AFE og er bókfært verð þeirra núll þar sem samtökin greiddu ekkert fyrir hlutina auk þess sem óvissa er um verðmæti þeirra.

Nafnverð stofnfjárframlags til Norðurslóðanets Íslands er sýnt í skýringum en engin eign færð hjá Eyþingi þar sem um er að ræða sjálfseignarstofnun.

Niðurstaða

Við teljum að mat einstakra liða sé viðeigandi og í samræmi við reikningskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Lykilþættir í uppgjörinu

Úthlutun styrkja

Farið var yfir úthlutun styrkja á árinu 2020 með yfirferð fundargerða stjórnar og fundargerða úthlutunarnefnda. Valið var úrtak úr veittum styrkjum, skoðaðir voru samningar og önnur gögn tengd verkefnum. Einnig var farið yfir útgreiðslur á styrkjum með yfirferð á bankareikningum samtakanna.

Yfirferð okkar á styrkveitingum kom heilt yfir vel út. Ferlið er að okkar mati skýrt og teljum við eftir yfirferðina að utanumhaldið sé gott.

Dómsmál / ágreiningsmál

Ágreiningi varðandi starfslok fyrrum framkvæmdastjóra sambandsins var lokið með dómssátt í janúar 2020 og var það gert upp með aukaframlögum frá aðildarsveitarfélögunum. Kostnaður vegna dómssáttarinnar er færður með öðrum rekstrarkostnaði skrifstofunnar en viðbótarframlög vegna málsins koma fram undir framlögum sveitarfélaga til reksturs SSNE.

Fyrirframinnheimtar tekjur

Staða á fyrirframinnheimtum tekjum í efnahagsreikningi er tilkomin vegna óráðstafaðra framlaga af Sóknaráætlunar. Á árinu 2020 hækkaði staða fyrirframinnheimtra tekna úr kr. 1,9 millj. í kr. 12,3 millj. eða um kr. 10,4 millj. Skuldbindingin var mjög lág í ársbyrjun þar sem lögð hafði verið mikil áhersla á að klára úthlutun sem mest þar sem að nýr sóknaráætlunarsamningur tók við árinu 2020. Fyrirframinnheimtar tekjur skiptast þannig að kr. 8,6 millj. eru vegna sóknaráætlunarsamningsins og kr. 3,7 millj. eru vegna annarra verkefna sem voru í gangi hjá SSNE í lok ársins.

Almenningssamgöngur

Samkomulag var gert við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) um uppgjör á stöðum vegna leiðar 57 sem var í sameiginlegum rekstri hjá samtökunum. Í samkomulaginu fólst að bókfærð skuld SSNE við SSV að fjárhæð kr. 4,6 millj. var felld niður. Þessi breyting veldur því að afkoma samgönguhlutans er jákvæð um kr. 4,6 millj. á árinu 2020.

Eiginfjárstaða málaflokksins var í árslok 2020 neikvæð um kr. 59,0 millj. Fyrirframgreiðslur frá Vegagerðinni til SSNE stóðu í kr. 40,5 millj. í árslok 2020 og höfðu ekki breyst á árinu. Samningur við Vegagerðina um almenningssamgöngur rann út í árslok 2019. Til staðar er yfirlýsing frá Vegagerðinni þar sem kemur fram að Vegagerðin muni leitast við að afgangur af skuld SSNE við Vegagerðina, samtals kr. 45 millj. (staðan í árslok 2018) verði lækkuð eins mikið og eins hratt og unnt er. Stjórnendur hafa áfram verið í viðræðum við samgönguyfirvöld til þess að fá endanlega niðurstöðu í þessi mál. Fáist framangreind skuld felld niður mun það laga verulega eiginfjárstöðu málaflokksins.

Í skýringu nr. 8 í ársreikningi Eyþings er gerð grein fyrir fjárhagsstöðu málaflokksins og þeirri óvissu sem hefur verið í kringum þær skuldbindingar sem honum tengjast. Í áritun okkar á ársreikning Eyþings höfum við sett ábendingarmálgrein þar sem vakin er athygli á neikvæðri eiginfjárstöðu vegna málaflokksins og umfjöllun um þessi mál í skýringum.

Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti

Eftirlitsumhverfi og innra eftirlit

Farið var yfir eftirlitsumhverfi og lykilþætti í innra eftirliti með stjórnendum.

Aðgreining starfa

Færslu á bókhaldi SSNE og launavinnslu hefur verið útvistað til þriðja aðila. Framkvæmdastjóri sambandsins sér um samþykkt kostnaðarreikninga og launabreytinga en verkefnastjóri hefur haldið utan um bókhaldsgögn og séð um greiðslu reikninga og útgreiðslur styrkja vegna sóknaráætlunar. Menningarfulltrúi sambandsins hefur svo eingöngu verið í umsýslu vegna verkefna og hefur ekki komið nálægt samþykkt kostnaðarreikninga eða greiðslum reikninga eða styrkveitinga. Þetta skipulag sem hefur verið komið á hjá sambandinu er að okkar mati gott ef mið er tekið af eðli og umfangi starfseminnar.

Miklar breytingar hafa verið hjá samtökunum með sameiningu Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna og hefur innra eftirlit og upplýsingagjöf verið í mótun. Við áréttum að þar sem fáir starfsmenn eru þá er sérstaklega mikilvægt að stjórn og stjórnendur séu meðvitaðir um mikilvægi aðgreiningar starfa og reyni eftir fremsta megni að veita aðhald og aðgreina samþykkt kostnaðar, bókun og framkvæmd greiðslna.

Aðfangafærlí

Samhliða úrtaksskoðun á kostnaðarreikningum var farið yfir samþykktarferli á rekstrarkostnaði sambandsins. Tekið var úrtak hreyfinga á gjaldalykla og athugað hvort reikningar og önnur fylgiskjöl væru til staðar og hvort kostnaður væri samþykktur af réttum aðila. Engar athugasemdir gerðar við fylgiskjöl og bókun reikninga og voru frávik varðandi samþykkt reikninga óveruleg. Við teljum því að samþykktarferlið sé virkt.

Launaferli

Farið var yfir grunngögn vegna launavinnslu fyrir valin launatímabil innan ársins og skoðað hvort samþykkt væri til staðar fyrir unnum tímum, öðrum greiðslum og launabreytingum. Einnig var kallað eftir ráðningarsamningum starfsmanna og þeir yfirfarnir og fjárhæðir bornar saman við launaútreikninga. Til staðar voru í launamöppu yfirlit og önnur gögn vegna allra greiðslna á þeim tímabilum sem skoðuð voru og komu ekki fram nein sérstök frávik í launaferlinu.

Önnur mikilvæg atriði

Samkvæmni við lög og reglur

Við höfum yfirfarið helstu lög og reglur sem gilda um starfsemina og lagt mat á það hvort uppgjör samtakanna væri í samræmi við reglurnar.

Við höfum við endurskoðun okkar ekki komið auga á nein frávik eða brot á lögum og reglum sem gilda um uppgjör eða starfsemi SSNE.

Staðfesting á óhæði

Við staðfestum hér með óhæði okkar gagnvart SSNE. Okkur er ekki kunnugt um nein tengsl á milli Enor eða starfsmanna Enor og SSNE sem að okkar faglega mati gætu skert óhæði okkar sem endurskoðenda samtakanna.

Mismunir og skekkjur

Engir óleiðréttir mismunir eða skekkjur eru til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju.